

Nd.

265. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir kynt sjer eftir föngum frumvarp þetta með greinargerð þess og öðrum plöggum, sem að því lúta. Er hún einhuga um að mæla með því, og ræður háttv. deild til að samþykkja það fyrir sitt leyti með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrirsögn frumvarpsins sje:

Frumvarp til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

2. Við 3. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. orðist svo:

Kenslugreinar skulu fyrst um sinn þessar: Íslenska, saga, stærðfræði, náttúrufræði, náttúrusaga, landafræði, fjelagsfræði, bókhald, hegð, söngur, fimleikar. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn i ensku og dönsku.

3. Við 4. gr.

Í stað »skólastjóri hafi ... með hita og ljósi« komi:

Skólastjóri hafi leigulausa íbúð, þó eigi fleiri herbergi en 3 auk eldhúss,
en aðstoðarkennari 2 herbergi, hvortveggi íbúð með hita og ljósi.

Alþingi, 31. júlí 1917.

Bjarni Jónsson frá Vogu, Sv. Ólafsson,
form. framsm.

Stefán Stefánsson. Jörundur Brynjólfsson. Magnús Pjetursson.